

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur þriðjudaginn 23. júní 2020

Mál nr. E-2369/2019:

A

(*Halldór Kr. Þorsteinsson lögmaður*)

gegn

B og

(*Gísli Kr. Björnsson lögmaður*)

íslenska ríkinu

(*Eiríkur Áki Eggertsson lögmaður*)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 15. maí 2020, er höfðað af stefnanda, A, [...]á hendur stefndu, B [...], með stefnu birtri 17. maí 2019, og íslenska ríkinu, [...], með stefnu birtri 20. maí 2019.

Stefnandi krefst þess aðallega að stefndu verði dæmdir til að greiða honum „saman (in solidum)“ 13.136.800 krónur, með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þingfestingardegi til greiðsludags. Til vara krefst hann þess að stefndu verði dæmdir til að greiða honum „saman (in solidum)“ skaðabætur að álitum, með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þingfestingardegi til greiðsludags. Í báðum tilvikum krefst hann þess að stefndu verði „saman (in solidum)“ dæmdir til greiðslu alls málskostnaðar að viðbættum virðisaukaskatti samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Stefndi, B, krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og til vara að þær verði lækkaðar verulega. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að teknu tilliti til virðisaukaskatts „en stefndi sé virðisaukaskattskyldur“.

Stefndi, íslenska ríkið, krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins.

I

Málsatvik

Forsaga máls þessa er sú að 18. september 2015 gaf stefnandi út umboð á ensku til D. Samkvæmt löggiltri þýðingu umboðsins var umboðsmanninum m.a. veitt heimild til að veðsetja, selja, leigja eða meðhöndla á annan hátt „sjálfsréttareignir“ (e. freehold

property) og „leigueignir“ (e. leasehold property) í eigu stefnanda. Samkvæmt 4. gr. umboðsins skyldi það gilda um „allar eignir og rétt sem nú er í gildi og verður í gildi í framtíðinni“.

Með vísan til umboðsins gaf D út veðskuldabréf 2. ágúst 2016 að nafnvirði 45.000.000 króna til handhafa. Skuldabréfið var gefið út til 25 ára og átti að endurgreiðast með jafnmörgum afborgunum 1. júní ár hvert, í fyrsta sinn 1. júní 2017. Þá var það verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs og bar 6% fasta vexti sem áttu að greiðast á sama tíma og afborganir. Bréfið var tryggt með 1. veðrétti í fasteign stefnanda að [...], sem hann var einn þinglýstur eigandi að.

Í stefnu kemur fram að stefnandi hafi í júní 2017 komist að því að á fasteigninni hvíldi veðband en hann hafi talið eignina veðbandslausu. Við skoðun á þinglýstum gögnum hafi komið í ljóst að fyrrgreint veðskuldabréf hvíldi á eigninni. Stefnandi mun hafa kært meint umboðssvik D til embættis héraðssaksóknara 24. janúar 2018 en 13. febrúar sama ár var rannsókn þar að lútandi felld niður.

Samkvæmt gögnum málsins var umrætt veðskuldabréf fært inn í þinglýsingabækur 22. ágúst 2016. Staðfestingu á afturköllun umboðs var þinglýst 22. júní 2017. Stefnandi sendi kröfu til sýslumanns 21. júlí 2017 um leiðréttingu á þinglýsingu veðskuldabréfsins. Stefnandi og eiginkona hans höfðuðu mál til ógildingar á veðskuldabréfinu 1. ágúst 2017 á grundvelli 120. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála en með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur var því vísað frá dómi. Var lagt til grundvallar að skuld samkvæmt veðskuldabréfinu væri ekki enn greidd og ekki yrði séð að stefnendur ættu rétt á að fá frumrit bréfsins afhent. Var niðurstaða héraðsdóms staðfest með vísan til forsendna í dómi Hæstaréttar í máli nr. 609/2017.

Stefnanda mun hafa verið send greiðsluáskorun 25. september 2017 þar sem skorað var á hann að greiða skuldina innan 15 daga frá móttöku hennar en að öðrum kosti yrði krafist nauðungarsölu á hinni veðsettu eign að [...]. Mun kröfuhafi þar hafa verið tilgreindur E lögmaður og skyldi stefnandi greiða féð inn á reikning í eigu félagsins F. Mun stefndi þá skömmu áður hafa tekið við handhöfn bréfsins. Stefnandi mun ekki hafa brugðist við greiðsluáskoruninni. Með beiðni til sýslumanns 30. október 2017 fór stefndi fram á nauðungarsölu á fasteigninni með vísan til þess að nauðungarsöluandlagið hefði verið sett að veði til tryggingar skuld samkvæmt skuldabréfinu og vísaði til skilmála bréfsins um beina nauðungarsöluheimild. Stefndi, B, var þar tilgreindur kröfuhafi.

Sýslumaður hafnaði kröfu stefnanda um leiðréttingu á þinglýsingu veðskuldabréfsins 20. desember 2017 þar sem ekki hefði legið fyrir að umboðið væri afturkallað fyrr en eftir þinglýsingu bréfsins, þ.e. með yfirlýsingu stefnanda 14. júní 2017 sem færð var þann sama dag inn í dagbók sýslumanns og í þinglýsingabók 22. sama mánaðar. Þá vísaði sýslumaður til þess að veðskuldabréfið hefði fullnægt

skilyrðum 22. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 um vottun, umboðið hefði ekki borið með sér að vera takmarkað við fasteignir stefnanda á Englandi og hann hefði ekki mótmælt undirritun sinni á það. Hefði því ekki verið tilefni til að vísa skjalinu frá þinglýsingu. Þá taldi sýslumaður að ekki hefði verið tilefni til að vísa skjalinu frá vegna skorts á samþykki maka stefnanda sem þinglýsts eiganda fasteignarinnar þar sem hún hefði talist búsett í [...] samkvæmt úrskurði ríkisskattstjóra frá 5. júní 2015. Þá kemur fram að með bréfi Þjóðskrár 29. september 2016 hafi maka stefnanda verið tilkynnt að lögheimili hennar hefði verið „skráð úr landi“ frá og með 31. maí 2014. Með bréfi Þjóðskrár 12. október sama ár hefði henni verið tilkynnt að lögheimilisskráning hennar að [...] hefði verið leiðrétt afturvirk. Á því tímamarki sem handhafabréfinu hafi verið þinglýst í ágúst 2016 hafi því verið óljóst um búsetu maka stefnanda. Taldi þinglýsingastjóri að ekki væri um augljós mistök við þinglýsingu að ræða.

Stefnandi skaut synjun sýslumanns til héraðsdóms, sem staðfesti hana með úrskurði 12. apríl 2018, og kröfu um leiðréttingu á grundvelli 1. mgr. 27. gr. laga nr. 39/1978. Stefnandi kærði þann úrskurð til Landsréttar, sem komst að þeirri niðurstöðu 6. júní 2018 í máli nr. 382/2018 að færsla skjalsins í þinglýsingabók hefði verið röng og hana bæri að leiðrétta. Felldi Landsréttur ákvörðun sýslumanns um að hafna kröfu stefnanda um leiðréttingu úr gildi með úrskurði sínum í máli nr. 382/2018 og lagði fyrir hann að skrá athugasemd í fasteignabók um að skort hefði samþykki maka stefnanda sem maka þinglýsts eiganda samkvæmt 60. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993 fyrir veðsetningu skuldabréfsins. Kom fram í úrskurði Landsréttar að samkvæmt vottorðum Þjóðskrár sem lögju fyrir í málinu hefðu stefnandi og eiginkona hans átt skráð lögheimili í íbúðinni að [...] þegar veðskuldabréfið var mótttekið til þinglýsingar 5. ágúst 2016 og fært inn í fasteignabók 22. sama mánaðar. Í veðskuldabréfinu hefði ekki verið að finna yfirlýsingu samkvæmt 1. mgr. 64. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993 en þar hefði verið gert ráð fyrir samþykki maka þinglýsts eiganda sem ekki hefði legið fyrir. Var talið að sýslumanni hefði borið að fyrra bragði að ganga út frá því að fullnægja þyrfti skilyrði 1. mgr. 60. gr. laga nr. 31/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 21/1990 um lögheimili. Þá kom fram að leiðrétting á grundvelli 1. mgr. 27. gr. laga nr. 39/1978 gæti eingöngu tekið til formlegra réttinda en ekki efnisatvika sem lögju að baki viðkomandi skjali. Hafi því sýslumaður ekki getað tekið efnislega afstöðu til meints vafa um gildissvið umboðsins.

Lögmaður stefnanda krafðist þess sama dag og úrskurður Landsréttar var kveðinn upp að fram færi nauðungarsala á fasteign stefnanda. Þann 21. júní 2018 auglýsti sýslumaður framhaldsuppboð á eign stefnanda sem fram átti að fara 25. júní 2018. Veðskuldabréfið var afmáð af eigninni 22. júní 2018 og var lögmaður stefnda B. upplýstur um það í tölvupósti 25. sama mánaðar. Kom þar fram að ekki lægi því

annað fyrir en að stöðva gerðina við framhald uppboðs sama dag kl. 10:45 nema gerðarbeiðandi hefði afturkallað beiðni sína fyrir þann tíma. Stefndi B. afturkallaði þá beiðni um nauðungarsölu um hæl.

Stefndi B lagði fram beiðni um fjárnám hjá stefnanda 27. júní 2018 og fór fram árangurslaust fjárnám hjá honum 12. september 2018. Stefndi B sendi beiðni um gjaldþrotaskipti á búi stefnanda til héraðsdóms 14. september 2018 og var hún tekin fyrir í dóminum 31. október 2018. Með úrskurði héraðsdóms 20. febrúar 2019 var fallist á kröfu stefnda B um að bú stefnanda yrði tekið til gjaldþrotaskipta þar sem fyrir lægi árangurslaust fjárnám sem ekki hefði verið hnekk og nægilega væri í ljós leitt að stefndi B ætti lögvarða kröfu á hendur stefnanda. Stefnandi kærði úrskurðinn til Landsréttar sem sneri niðurstöðu héraðsdóms og hafnaði kröfu um gjaldþrotaskipti með úrskurði 22. mars 2019 í máli nr. L-146/2019. Taldi rétturinn undirskrift umboðsmannsins á veðskuldabréfið hafa verið í samræmi við 7. tölulið 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför en þar sem undirskrift stefnanda á umboðið, sem fylgt hefði aðfararbeiðninni, hefði aðeins verið vottuð af einum vitundarvotti hefði sýslumann brostið heimild til að ljúka aðfarargerðinni án árangurs og skilyrðum 1. töluliðar 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti hefði því ekki verið fullnægt. Var úrskurður héraðsdóms felldur úr gildi og hafnað kröfu stefnda B um að bú stefnanda yrði tekið til gjaldþrotaskipta.

Stefnandi greinir svo frá í stefnu að hann hafi komið frá Bretlandi 14. september 2018 og þá frétt af því að hið árangurlausa fjárnám hefði farið fram. Hann hefði óskað eftir endurupptöku fjárnámsins 27. sama mánaðar en sýslumaður synjað beiðninni 15. nóvember 2018. Gjaldþrotabeiðnin hefði verið tekin fyrir í héraðsdómi 31. október 2018. Úrskurður héraðsdóms um töku bús hans til gjaldþrotaskipta hefði gengið 20. febrúar 2019 og úrskurður Landsréttar þar sem kröfu um gjaldþrotaskipti var hafnað verið kveðinn upp 22. mars 2019. Þrátt fyrir það hefði fyrirsvarsmður stefnda B sent fasteignadómsstól í Bretlandi tilkynningu um gjaldþrot stefnanda 26. mars 2019.

Mál þetta hefur stefnandi höfðað til heimtu skaðabóta úr hendi beggja stefndu og var það þingfest fyrir dóminum 23. maí 2019.

II

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi kveðst byggja kröfur sínar á hendur stefnda, íslenska ríkinu, á 49. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 vegna mistaka sem átt hafi sér stað við þinglýsingu veðskuldabréfsins. Gegn báðum stefndu sé á því byggt að skilyrði nauðungarsölu fasteignar hans á grundvelli veðskuldabréfsins hafi ekki verið uppfyllt og stefndu beri því ábyrgð á því fjártjóni sem hann hafi orðið fyrir vegna aðgerða varðandi

nauðungarsölu, sbr. 3. mgr. 80. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Auk þess kveðst stefnandi byggja á 1. og 2. mgr. 86. gr. sömu laga, sbr. 1. mgr. 87. gr. þeirra gagnvart báðum stefndu. Þá byggir hann jafnframt á því að skilyrði árangurslauss fjárnáms þann 12. september 2018, sem leitt hafi til gjaldþrotameðferðar fyrir dómstólum, hafi ekki verið fyrir hendi og stefndu beri ábyrgð á því fjártjóni sem hann hafi orðið fyrir vegna þess, sbr. 1. og 2. mgr. 96. gr., sbr. 97. gr. laga nr. 90/1989 um aðför. Stefnandi kveðst jafnframt gera kröfu um að stefndu greiði honum sameiginlega miskabætur vegna ófjárhagslegs tjóns sem hann hafi orðið fyrir sökum aðgerða stefndu, sbr. b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Stefnandi byggir skaðabótakröfu sína aðallega á því að hann hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna kostnaðar sem hann hafi haft af því að gæta réttinda sinna. Stefnandi hafi þurft að leggja út í gríðarlegan lögmannskostnað vegna þessa, sbr. framlagt yfirlit yfir vinnu lögmannna vegna málsins og afrit reikninga sem stefnandi hafi greitt.

Stefnandi byggir á því að samkvæmt 1. mgr. 86. gr. laga nr. 90/1991 beri gerðarbeiðanda að bæta allt tjón sem orðið hafi af því að hann hafi krafist nauðungarsölu sem síðar sé leitt í ljós að skilyrði hafi skort til. Stefnandi byggir jafnframt á því að samkvæmt 1. mgr. 96. gr. laga nr. 90/1989 beri gerðarbeiðanda að bæta allt tjón sem orðið hafi af því að hann hafi krafist fullnustu réttinda með aðfarargerð sem síðar sé leitt í ljós að skilyrði hafi skort til. Stefnandi byggir á því að í þessum ákvæðum felist hlutlæg ábyrgð þess sem krefst nauðungarsölu og/eða aðfarar vegna tjóns sem hlýst af aðgerðum hans.

Stefnandi byggir jafnframt á því að með úrskurðum Landsréttar í málum nr. 382/2018 og 146/2019 hafi æðri dómstóll komist að þeirri niðurstöðu að hvorki hafi verið heimild til upphafsáðgerða við nauðungarsölu 30. maí 2018 né heimild til hins árangurslausa fjárnáms 12. september 2018 sem svo hafi leitt til gjaldþrotameðferðar fyrir dómstólum. Þegar af þessum ástæðum eigi stefnandi lögvarinn rétt á að fá tjón sitt bætt úr hendi stefndu.

Verði ekki fallist á að hinar hlutlægu bótareglur eigi við byggir stefnandi á því að samkvæmt 2. mgr. 86. gr. laga nr. 90/1991 skuli tjón vegna nauðungarsölu bætt úr hendi gerðarbeiðanda eftir almennum skaðabótareglum hafi nauðungarsala annars farið fram með þeim hætti að hún hafi eða gæti sætt ógildingu. Stefnandi byggir jafnframt á því að samkvæmt 2. mgr. 96. gr. laga nr. 90/1989 beri gerðarbeiðanda að greiða bætur eftir almennum reglum skaðabótaréttarins hafi aðfarargerð farið fram með ólögætum hætti og verið felld úr gildi af þeim sökum að einhverju leyti eða öllu með dómsúrlausn.

Stefnandi byggir annars vegar á því að hið stefnda félag hafi af ásetningi og/eða af stórkostlegu gáleysi tekið við veðskuldabréfinu, dags. 2. ágúst 2016, úr

hendi D þrátt fyrir að hafa vitað eða mátt vita að umboð hans væri ekki gilt. Í þessu sambandi byggir stefnandi á því að samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum um skráningu hins stefnda félags megi sjá að mjög sterk tengsl séu milli þess og D, en í stjórn og varastjórn þess séu nær eingöngu frændur hans og lögmenn sem starfað hafi fyrir hann er veðskuldabréfið var gefið út til handa hinu stefnda félagi. Þá liggi og fyrir að fyrirvarsmenn hins stefnda félags hafi ýmist verið lögmenn eða aðilar sem félagið naut lögmannaástoðar hjá en allt að einu hafi þeir ekki reynt eða hlutast til um að fá undirskrift eiginkonu stefnanda á veðskuldabréfið þrátt fyrir að þeim hafi verið ljóst, eða mátt vera ljóst, að eignin sem taka átti veð í hefði verið hjúskapareign stefnanda og konu hans. Þrátt fyrir þetta hafi hið stefnda félag þinglýst veðskuldabréfinu á eign stefnanda og krafist nauðungarsölu á eigninni í kjölfarið. Með úrskurði Landsréttar í máli nr. 382/2018, sem kveðinn var upp 6. júní 2018, hafi hinu stefnda félagi mátt vera umboðsleysi D til útgáfu veðskuldabréfsins endanlega ljóst. Þrátt fyrir það, og að því er virðist af fullum ásetningi eða í það minnsta af stórkostlegu gáleysi, hafi félagið krafist árangurslauss fjárnáms hjá stefnanda á grundvelli veðskuldabréfsins og strax í kjölfarið farið fram með beiðni um gjaldprotaskipti á búi stefnanda.

Stefnandi byggir á því að hið stefnda félag hafi lagt fram veðskuldabréf hjá sýslumanni til þinglýsingar sem ekki hafi uppfyllt áskilnað laga. Í því hafi ekki verið að finna yfirlýsingu í samræmi við 1. mgr. 64. gr. hjúskaparlaga um samþykki maka þinglýsts eiganda. Í ljósi þess að stefnandi og eiginkona hans hafi átt skráð lögheimili í umræddri íbúð hafi hinu stefnda félagi borið að afla slíks samþykkis, til að uppfylla skilyrði 1. mgr. 60. gr. hjúskaparlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 21/1990, um lögheimili, áður en það fór fram með veðskuldabréfið og óskaði eftir að því yrði þinglýst á fasteign stefnanda. Þrátt fyrir þetta hafi hið stefnda félag í kjölfarið krafist nauðungarsölu á fasteign stefnanda á grundvelli bréfsins. Stefnandi kveðst byggja á því að beiðnin um nauðungarsölu hafi verið ólögmat enda hafi fyrrnefnt veðskuldabréf ekki verið lögmat heimild fyrir kröfunni þar sem bréfið uppfyllti ekki kröfur 6. gr. laga nr. 90/1991. Þá byggir stefnandi á því að umboð D, og þar með umrætt veðskuldabréf, hafi ekki uppfyllt áskilnað 7. töluliðar 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 þar sem segi að undirskrift skuldara skuli vottuð af lögbókanda, lögmanni, löggiltum fasteignasala eða tveimur vitundarvottum. Umboð D hafi einungis verið vottað af einum aðila. Þrátt fyrir augljósa ágalla bréfsins og þá staðreynd að Landsréttur hafði áður úrskurðað um gildi þess þann 6. júní 2018 í máli nr. 382/2018 hafi hið stefnda félag allt að einu farið með hið ólögmat veðskuldabréf og krafist fjárnáms á grundvelli þess hjá sýslumanni og hafi sú beiðni verið tekin fyrir þann 12. september 2018. Stefnandi byggir á því að hið stefnda félag hafi beitt ólögmatum aðferðum sem valdið hafi stefnanda tjóni.

Verði ekki fallist á að hið stefnda félag hafi þannig með saknæmum og ólögmatum hætti valdið stefnanda tjóni á grundvelli 2. mgr. 86. gr. laga nr. 90/1991

og 2. mgr. 96. gr. laga nr. 90/1989 byggir stefnandi allt að einu á því að starfsmenn Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu hafi með þinglýsingu veðskuldabréfsins á fasteign stefnanda, án heimildar eiginkonu hans og fullnægjandi umboðs frá stefnanda, með málsmeðferð nauðungarsölu á fasteign stefnanda í maí og júní 2018 og með afgreiðslu fjárnámsbeiðni hins stefnda félags 12. september 2018, sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Stefnandi bendir á að 2. mgr. 86. gr. laga nr. 90/1991 og 2. mgr. 96. gr. laga nr. 90/1989 áskilji ekki að bótaábyrgðin taki eingöngu til athafna eða athafnaleysis gerðarbeiðanda heldur nái hún einnig yfir mistök sem sýslumaður geri. Þá byggir stefnandi sérstaklega á 49. gr. þinglýsingalaga vegna augljósra mistaka starfsmanna sýslumanns við þinglýsingu veðskuldabréfsins, sbr. úrskurð Landsréttar í máli nr. 382/2018. Samkvæmt 49. gr. þinglýsingalaga geti sá sem hlýtur tjón, sem telja verði sennilega afleiðingu af mistökum þinglýsingarstjóra, átt rétt til bóta úr ríkissjóði.

Stefnandi byggir á því að sýslumanni hafi að fyrra bragði borið að ganga úr skugga um að fullnægt væri skilyrði 1. mgr. 60. gr. laga nr. 31/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 21/1990, um lögheimili. Hefði starfsmaður sýslumanns sinnt lagaskyldu sinni hefði honum þá þegar borið að vísa veðskuldabréfinu frá þinglýsingu, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 39/1978. Stefnandi byggir einnig á því að starfsmönnum sýslumanns hafi borið að kanna sjálfstætt hvort nauðungarsölubeiðnin og grundvöllur hennar hefði verið í lögumætu formi, sbr. 13. gr. laga nr. 90/1991. Hefði starfsmaður sýslumanns sinnt lagaskyldu sinni hefði honum borið að hafna nauðungarsölunni og endursenda beiðnina ásamt rökstuðningi, sbr. 2. mgr. greinarinnar, enda hefði veðskuldabréfið ekki getað talist gild heimild til nauðungarsölu þar sem það uppfyllti ekki áskilnað 6. gr. laganna. Þá byggir stefnandi jafnframt á því að umboð D og þar með umrætt veðskuldabréf hafi ekki uppfyllt áskilnað 7. töluliðar 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 þar sem segi að undirskrift skuldara skuli vottuð af lögbókanda, lögmanni, löggiltum fasteignasala eða tveimur vitundarvottum. Stefnandi byggir á því að starfsmönnum Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu hafi borið að kanna af sjálfsdáðum hvort beiðni um aðför og aðfararheimild væri í lögumæltu formi, sbr. 1. mgr. 17. gr. aðfararlaga. Séu ágallar á beiðni gerðarbeiðanda eða ef gild aðfararheimild liggur ekki fyrir beri sýslumanni að endursenda beiðnina þegar í stað ásamt rökstuðningi fyrir ákvörðun sinni, sbr. 2. mgr. sömu lagagreinar. Sé það ekki gert og aðfararbeiðni tekin fyrir skuli sýslumaður þá jafnframt gæta þess af sjálfsdáðum að gerðin brjóti ekki gegn þeim réttindum sem gerðarþola séu tryggð með lögnum þegar hann, eða einhver sem málstað hans getur tekið, er ekki viðstaddur gerðina, sbr. lokamálslið 1. mgr. 24. gr. laga nr. 90/1989. Stefnandi byggir á því að hið stefnda félag hafi lagt fram umboð og skuldabréf sem ekki hafi verið í lögumæltu formi og því hafi ekki verið heimild til að ljúka aðfarargerðinni 12. september 2018 án árangurs, en þessu beri sýslumönnum og

dómstólum að gæta að af sjálfsdáðum samkvæmt síðari málslið 1. mgr. 71. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti. Stefnandi byggir á því að starfsmenn Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu hafi ítrekað valdið honum tjóni með ólögumætum aðferðum og gögnum, sbr. niðurstöðukafla Landsréttar í málum nr. 382/2018 og 146/2019.

Stefnandi kveðst stefna íslenska ríkinu til greiðslu ásamt hinu stefnda félagi samkvæmt heimild í 87. gr. laga nr. 90/1991 og 97. gr. laga nr. 90/1989. Stefnandi byggir á því að starfsmenn Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu hafi í það minnsta sýnt af sér gáleysi er þeir þinglýstu veðskuldabréfinu, dags, 2. ágúst 2016, á fasteign stefnanda og hófu í framhaldinu nauðungarsölufurli á fasteigninni á grundvelli bréfsins þrátt fyrir að það uppfyllti ekki áskilnað laga um form. Þá liggi og fyrir að starfsmenn Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu hafi í það minnsta sýnt af sér gáleysi við framkvæmd árangurslauss fjárnáms hjá stefnanda þann 12. september 2018, sem leitt hafi til gjaldþrotameðferðar, enda hafi starfsmönnum mátt vera ljóst að veðskuldabréfið uppfyllti ekki lagaáskilnað um að vera gild aðfararheimild í skilningi 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989. Stefnandi vísar að öðru leyti til niðurstöðukafla í úrskurðum Landsréttar í málum nr. 382/2018 og 146/2019 máli sínu til stuðnings.

Stefnandi gerir að lokum kröfu um að stefndu greiði honum sameiginlega 8.000.000 króna í miskabætur vegna ófjárhagslegs tjóns sem hann hafi þurft að þola vegna framgöngu hins stefnda félags og mistaka starfsmanna Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu, sbr. b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Stefnandi byggir á því að með aðgerðum sínum hafi hið stefnda félag og embætti sýslumanns vegið verulega að æru hans. Stefnandi hafi gengið í gegnum mikil vandræði bæði hér á Íslandi og eins í Bretlandi þar sem hann m.a. stundi viðskipti. Þannig hafi beiðnin um gjaldþrotaskipti á búi hans haft veruleg áhrif á viðskiptin enda sé eðli málsins samkvæmt ekki auðvelt að stunda viðskipti þegar aðili hafi verið lýstur gjaldþrota. Upplýsingar um gjaldþrotameðferðina hafi borist til Bretlands og orðið til þess að bæði stefnandi og lögmaður hans hafi ítrekað orðið að leiðrétta rangfærslur og leysa vandamál sem upp komu vegna alls þessa. Jafnvel þrátt fyrir úrskurð Landsréttar frá 12. mars sl. þar sem gjaldþrotabeiðni hafi verið hafnað hafi hið stefnda félag haldið áfram að vega að orðspori stefnanda í Bretlandi með því, m.a. gagnvart opinberum aðilum, að halda því fram að stefnandi hefði verið úrskurðaður gjaldþrota, sbr. bréf hins stefnda félags til Property Chamber Land Registration dags. 26. mars sl. Hafi þessar aðgerðir hins stefnda félags gegn mannorði stefnanda í Bretlandi orðið til þess að hann hafi orðið að ráða sér lögmennt þar í landi til að gæta hagsmuna sinna þar. Stefnandi byggir á því að til þess verði að líta að orðspor aðila í viðskiptum sé með þeirra mestu verðmætum og með aðgerðum sínum

hafi hið stefnda félag og embætti sýslumanns stórlega skaðað orðspor hans bæði hér heima og erlendis.

Stefnandi byggir einnig á því að allt þetta mál hafi verið mikil þrautaganga fyrir hann andlega enda sé ljóst að það að sitja undir því að heimili manns hafi verið sett á nauðungarsölu með þeim afleiðingum að hann geti hugsanlega misst það og að hann hafi verið úrskurðaður gjaldþrota, allt að ósekju, reyni verulega á andlegan styrk. Stefnandi sé í dag að reyna að vinna úr sínum málum og endurheimta orðspor sitt en ekki sjái fyrir endann á því, og þá hvort það endurheimtist nokkurn tíma að fullu.

Með vísan til alls þessa sé fjárhæð miskabóta stillt í hóf að mati stefnanda. Aðalkrafa hans sé sundurliðuð með eftirfarandi hætti:

1. Miskabætur skv. b.-lið 1. mgr. 26. gr. nr. 50/1993	kr.	8.000.000,-
2. Lögmannskostnaður v/fyrri lögmanns 5 klst. * 27.000 kr./klst. + vsk.	kr.	167.400,-
3. Kostnaður vegna lögmannsþjónustu LL3 ehf. 197,25 klst. * tímagj. skv.gjaldskrá	kr.	4.969.400,- 3.773.375,-
Útlagður kostnaður	kr.	287.833,-
vsk.	kr.	908.192,-

Samtals kr. 13.136.800,-

Samkvæmt framlagðri tímaskráningu lögmannna hafi vinna vegna málsins verið samtals 197,25 klukkustundir. Þá séu ekki talin með viðtöl og aðstoð vegna annarra mála sem lögmannsstofan hafi sinnt fyrir stefnanda. Tímagjald lögmanns sé samkvæmt gildandi gjaldskrá lögmanns stefnanda að viðbættum virðisaukaskatti.

Stefnandi byggir varakröfu sína um skaðabætur að álitum á öllum þeim sömu málsástæðum og rökum og fjallað er um varðandi aðalkröfu. Verði ekki fallist á að fjárhæð tjóns stefnanda sé sannað krefst stefnandi þess að stefndu verði saman (in solidum) dæmdir til að greiða stefnanda skaðabætur eftir álitum. Varakrafa að þessu leyti vegna nauðungarsölubeiðni hins stefnda félags byggist sérstaklega á heimild í 3. mgr. 86. gr. laga nr. 90/1991. Þrátt fyrir að ekkert jákvætt lagaákvæði sé að finna í aðfararlögum nr. 90/1989 um bætur að álitum byggir stefnandi allt að einu á því að með lögjöfnun frá fyrrnefndu ákvæði laga nr. 90/1991 sé einnig unnt að dæma bætur eftir álitum vegna ólögætrar fjárnámsgerðar og gjaldþrotameðferðar sem stefnandi hafi orðið fyrir vegna þeirra aðgerða.

Stefnandi krefst dráttarvaxta með vísan til 1. mgr. 5. gr., sbr. 6. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og að þeir reiknist frá þingfestingardegi.

Stefnandi krefst málskostnaðar úr hendi stefndu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi eða að mati réttarins og byggist málskostnaðarkrafa hans á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þá er krafist virðisaukaskatts á málf lutningsþóknun með vísan til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt þar sem

stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur aðili. Þar sem lögmönnum sé gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni beri stefnanda nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefndu.

Um lagarök vísar stefnandi til laga um nauðungarsölu nr. 90/1991, einkum 80., 86. og 87. gr., laga um aðför nr. 90/1989, einkum 96. og 97. gr., skaðabótalaga nr. 50/1993, einkum 26. gr., þinglýsingalaga nr. 39/1978 og hjúskaparlaga nr. 31/1993. Varðandi aðild vísar stefnandi til laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, 87. gr. laga um nauðungarsölu nr. 90/1991 og 97. gr. laga um aðför nr. 90/1989.

III

Málsástæður og lagarök stefnda íslenska ríkisins

Stefndi, íslenska ríkið, kveður málið horfa svo við sér að stefnandi reisi málatilbúnað sinn á því að starfsmenn sýslumanns hafi með saknæmum og ólögmatum hætti valdið stefnanda tjóni, annars vegar í formi fjártjóns sem nemi 5.136.800 krónum og hins vegar í formi miska sem nemi 8.000.000 króna.

Að mati stefnanda hafi sýslumanni í fyrsta lagi orðið á mistök við þinglýsingu skuldabréfsins 22. ágúst 2016 þar sem samþykki maka hafi ekki legið fyrir við þinglýsinguna, sbr. 64. gr. laga nr. 31/1993 og úrskurð Landsréttar 6. júní í máli nr. 382/2018. Þá hafi þinglýsingin einnig verið andstæð 22. gr. laga nr. 39/1978, sbr. 2. mgr. 7. gr. sömu laga. Stefnandi telji að sýslumanni hafi í öðru lagi orðið á mistök við meðferð nauðungarsölubeiðni meðstefnda 30. október 2017 þar sem veðskuldabréfið hafi ekki talist gild heimild til nauðungarsölu, sbr. 2. tölulið 1. mgr. 6. gr. laga um nauðungarsölu nr. 90/1991, sbr. 2. mgr. 13. gr. sömu laga. Í þriðja lagi hafi sýslumanni orðið á mistök við meðferð aðfararbeiðni meðstefnda 27. júní 2018 þar sem veðskuldabréfið hafi ekki verið gild aðfararheimild, sbr. 7. tölulið 1. mgr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989, sbr. 1. mgr. 17. gr. sömu laga og úrskurð Landsréttar 22. mars 2019 í máli nr. 146/2019. Af hálfu stefnda er ekki fallist á að sýslumaður hafi með framangreindum athöfnum bakað íslenska ríkinu bótaskyldu og hafnar stefndi öllum sjónarmiðum stefnanda þar að lútandi.

Í stefnu komi fram að stefnandi byggi kröfur sínar á hendur íslenska ríkinu vegna mistaka við þinglýsingu veðskuldabréfsins á 49. gr. laga nr. 39/1978. Stefnandi bendir á að í stefnu séu þó engin rök færð fyrir því hvernig stefnandi leiði ætlað tjón sitt af þeim atvikum sem ákvæðið tekur til og nánar greinir í stafliðum a–e. Stefnandi hafnar því að ætluð bótaskylda ríkisins verði reist á þessum grunni og telur málatilbúnað í stefnu vanreifaðan að þessu leyti.

Stefndi fær ekki annað ráðið af málatilbúnaði í stefnu en að þar sé því haldið fram að með útgáfu skuldabréfsins og afhendingu þess til þinglýsingar 22. ágúst 2016 hafi umboðsmaðurinn, D, misnotað aðstöðu sína gróflega og gerst sekur um

umboðsskort. Í stefnu sé einnig látið að því liggja að tengsl séu á milli umboðsmannsins og meðstefnda, B, sem sé handhafi skuldabréfsins. Af þeim sökum getur stefndi ekki undir neinum kringumstæðum fallist á að uppfyllt sé meginskilyrði sakarreglunnar um sennilega afleiðingu, nánar tiltekið að ætlað tjón stefnanda vegna þinglýsingarinnar sé sennileg afleiðing af mistökum þinglýsingarstjóra, sem fjallað hafi verið um í úrskurði Landsréttar í máli nr. 382/2018, eða aðgerða sýslumanns sem fram fóru á grundvelli nauðungarsölubeiðninnar 30. október 2017 og aðfararbeiðninnar frá 27. júní 2018, sbr. úrskurð Landsréttar í máli nr. 146/2019. Raunar gæti slíkur annmarki á málalíbúnaði í stefnu einnig leitt til frávísunar málsins gagnvart ríkinu án kröfu vegna óvissu um það í hverju ætlað tjón felist og hver tengsl þess séu við ætlað skaðaverk.

Að mati stefnda sé stefnukrafa vegna ætlaðs fjártjóns verulega vanreifuð. Í stefnu sé það tjón talið tilkomið vegna lögmannskostnaðar en ekki sé gerð nánari grein fyrir því hvaða athöfnum sýslumanns sá kostnaður tengist, s.s. málsmeðferð í tengslum við leiðréttingu á þinglýsingu, nauðungarsölubeiðni eða aðfararbeiðni. Stefndi bendir á að almennt verði borgararnir sjálfir að bera þann kostnað sem þeir hafi af erindum sínum til stjórnvalda og málarekstri fyrir þeim. Þá skuli á það bent að við rekstur fyrrgreindra mála fyrir Landsrétti, sbr. úrskurði í málum nr. 382/2018 og 146/2019, hafi verið hafðar uppi kröfur um málskostnað. Stefndi fallist ekki á að stefnandi eigi rétt til frekari bóta vegna lögmannsaðstoðar í tengslum við þau mál, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 495/2011. Þá skuli á það bent að málsókn á hendur íslenska ríkinu til heimtu bóta vegna tjóns sem stafar af framkvæmd nauðungarsölu, sbr. 1. mgr. 87. gr. laga nr. 90/1991, beri að höfða innan tilskilins málshöfðunarfrests en af því leiði að sé mál ekki höfðað innan þeirra tímamarka séu ekki lagaskilyrði til að taka tillit til kostnaðar sem af því stafi. Þar sem óskýrleika gæti í kröfugerð stefnanda að þessu leyti telji stefndi að vísa eigi frá kröfu um bætur vegna fjártjóns af sjálfsdáðum, a.m.k. ef ekki verður bætt úr þeim annmörkum undir rekstri málsins. Að mati stefnda hefði þó átt að gera grein fyrir sundurliðun slíks kostnaðar í stefnu.

Stefndi kveðst skilja málalíbúnað í stefnu á þá leið að með úrskurði Landsréttar 6. júní 2018 í máli nr. 382/2018 hafi því verið slegið föstu að þinglýsing skuldabréfsins hafi verið mistök og að stefnandi telji að þau mistök hafi valdið því að beiðni meðstefnda B um nauðungarsölu frá 30. október 2017 hafi verið tekin til meðferðar. Á þeim grunni hafi stefnandi öðlast bótarétt samkvæmt 1. mgr. 87. gr. laga um nauðungarsölu nr. 90/1991, sbr. 86. gr. sömu laga. Stefndi hafnar hins vegar bótaskyldu á þessum lagagrundvelli og áréttar að samkvæmt 88. gr. laganna sé það skilyrði slíkra bóta að mál sé höfðað innan sex mánaða frá því að sá sem hafi orðið fyrir tjóni hafi fyrst átt þess kost að hafa uppi kröfu sína. Stefna málsins hafi verið birt 20. maí 2019 og því meira en sex mánuðum eftir að sýslumaður hafi fallist á beiðni

stefnanda um að afmá veðskuldabréfið úr þinglýsingabók. Af þeim sökum sé slíkur bótaréttur fallinn niður hafi hann þá verið fyrir hendi.

Stefndi bendir á að samkvæmt 1. mgr. 87. gr. laga nr. 90/1991 sé það skilyrði bótaskyldu að sá sem hafi haft framkvæmd nauðungarsölunnar með höndum hafi sýnt af sér gáleysi við þá athöfn sem leitt hafi til tjóns. Ætla megi að slíkur áskilnaður kunni að veða enn þyngra í tilviki miskatjóns með hliðsjón af því almenna skilyrði til greiðslu miskabóta að gáleysi sé verulegt, sbr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og til hliðsjónar dóm Hæstaréttar í máli nr. 843/2017. Hvort sem við eigi hafnar stefndi því að þinglýsing skuldabréfsins verði rakin til saknæmrar háttsemi en um það vísist m.a. til ákvörðunar sýslumanns 20. desember 2017 sem og úrskurðar Landsréttar 6. júní 2018 í máli nr. 382/2018.

Í ákvörðun sýslumanns hafi kröfu stefnanda og eiginkonu hans, um að skráð yrði athugasemd í þinglýsingabók vegna ófullnægjandi umboðs og skorts á samþykki maka þinglýsts eiganda, verið hafnað með rökstuddum hætti og hafi sú niðurstaða verið staðfest af héraðsdómi. Í Landsrétti hafi synjun sýslumanns á hinn bóginn verið felld úr gildi og hafi sú niðurstaða að meginstefnu til verið reist á þeim grundvelli að þinglýsing veðskuldabréfsins uppfyllti ekki skilyrði 64. gr. hjúskaparlaga vegna skorts á samþykki maka þinglýsts eiganda. Taldi Landsréttur, í ljósi þess að stefnandi og maki hans höfðu samkvæmt vottorði Þjóðskrár Íslands átt skráð lögheimili í íbúðinni að [...] þegar veðskuldabréfið var móttikið til þinglýsingar og það fært inn í fasteignabók, að vísa hefði átt skjalinu frá þinglýsingu þar sem samþykki maka lá ekki fyrir. Í héraðsdómi hafði hins vegar verið fallist á með sýslumanni að á tímamarki þinglýsingar hefði verið uppi vafi um lögheimili maka stefnanda og að gögn sem sýslumanni voru tiltæk, m.a. tiltekinn úrskurður ríkisskattstjóra, hefðu gefið til kynna að makinn væri búsettur erlendis.

Í úrskurði Landsréttar hafi einnig komið fram að aðili sem setti fram kröfu um leiðréttingu á grundvelli 1. mgr. 27. gr. þinglýsingalaga gæti ekki í dómsmáli sem rekið væri á grundvelli 3. gr. sömu laga sett fram annars konar leiðréttingarkröfu en sýslumaður tók afstöðu til. Af þeim sökum tók Landsréttur enga afstöðu til þeirrar málsástæðu að skilyrði þinglýsingar hefði brostið vegna þess að umboðið að baki skuldabréfinu hefði einungis verið vottað af einum aðila.

Stefndi áréttar að þótt úrlausn sýslumanns og héraðsdóms hafi verið hnekkð með umræddum úrskurði Landsréttar leiði það ekki sjálfkrafa til bótaskyldu íslenska ríkisins á grundvelli sakarábyrgðar. Engu breyti þótt Landsréttur hafi litið svo á að um væri að ræða augljós mistök við þinglýsingu, sbr. 27. gr. þinglýsingalaga. Stefndi hafnar því sömuleiðis að úrlausn um að taka nauðungarsölubeiðni meðstefnda frá 30. október 2017 til meðferðar verði metin starfsmönnum sýslumanns til sakar. Vísar hann m.a. til umsagnar sýslumanns frá 13. ágúst 2019, sem aflað hafi verið í tengslum

við málsókn þessa, en þar komi m.a. fram: „Ljósrit af skuldabréfinu fylgdi með nauðungarsölubeiðninni eins og venja er en að jafnaði er ekki farið fram á að frumrit skuldabréfs sé lagt fram fyrr en við framhaldssölu ef til hennar kemur. Ljósritið bar með sér að skuldabréfið hafði verið undirritað skv. umboði en umboðið sjálft fylgdi ekki með. Við könnun á nauðungarsölubeiðni skv. 13. gr. 90/1991 um nauðungarsölur er heimildarskjalið skoðað og hvort það sé þinglýst. Að jafnaði eru skilyrði þinglýsingar þó ekki skoðuð en því treyst að þau hafi verið uppfyllt við þinglýsingu heimildarskjalsins. Greiðsluáskorunin til gerðarþola ásamt birtingarvottorði fylgdi með nauðungarsölubeiðninni.“

Með vísan til framangreinds telur stefndi engar lagalegar forsendur til að líta svo á að umrædd þinglýsingarmistök og aðgerðir sýslumanns á grundvelli nauðungarsölubeiðninnar hafi falið í sér ólögmeta meingerð í garð stefnanda, sbr. b-lið 1. mgr. 26. gr. Stefndi bendir auk þess á að stefnandi reisi málatilbúnað sinn á því að frumorsök ætlaðs tjóns verði rakin til ólögmeats atferlis umboðsmannsins. Þá telur stefndi, eins og áður greinir, að ætlað fjártjón sé vanreifað.

Eins og málatilbúnaður í stefnu horfi við stefnda reisi stefnandi ætlaðan bótarétt sinn gagnvart stefnda íslenska ríkinu jafnframt á 97. gr. laga nr. 90/1989. Samkvæmt því ákvæði sé bótaskylda ríkisins komin undir því að stefnandi eigi tilkall til bóta samkvæmt 96. gr. sömu laga og „að sýslumaður eða fulltrúi hans hafi sýnt af sér gáleysi við framkvæmd þeirrar athafnar, sem leitt hefur til tjóns“. Af tilvitnuðu orðalagi megi ráða að almenn skilyrði sakarreglunnar eigi hér við, s.s. hvað snertir sagnæmi, orsakatengsl, sennilega afleiðingu og tjón.

Fyrir liggir að með úrskurði Landsréttar 22. mars 2019 í máli nr. 146/2019 hafi verið fallist á sjónarmið stefnanda um að umrætt skuldabréf teldist ekki gild aðfararheimild þar sem ekki yrðu gerðar minni kröfur til vottunar skuldara á umboð en gerðar væru til undirskriftar umboðsmanns á skuldabréf, sbr. 7. tölul. 1. mgr. 1. gr. aðfararlaga. Sakarefnið í málinu hafi því lotið að því hvort skilyrði hefðu verið til að taka bú stefnanda til gjaldþrotaskipta að kröfu meðstefnda B. á grundvelli hins árangurslausa fjárnáms sem gert hafði verið hjá stefnanda 12. september 2018. Þeirri kröfu hafnaði Landsréttur á þeim grunni að þar sem bréfið væri ekki gild aðfararheimild hefði sýslumann brostið heimild til að ljúka aðfarargerðinni án árangurs. Héraðsdómur hafði hins vegar litið svo á að hin árangurslausa aðfarargerð væri gild með hliðsjón af því að stefnandi hafði ekki látið reyna á synjun við því að endurupptaka aðfarargerðina með málskoti samkvæmt 4. mgr. 85. gr. laga nr. 90/1989 og ekki látið reyna á gildi hennar með málskoti samkvæmt 92. gr. laganna.

Að gættum úrskurði Landsréttar voru það mistök af hálfu sýslumanns að synja ekki um aðför í ljósi þess að umboðið sem lá til grundvallar skuldabréfinu var ekki vottað með þeim hætti sem áskilið sé í 7. tölulið 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989.

Stefndi byggir á því að þau mistök verði þó ekki virt sýslumanni til sakar við meðferð málsins, hvorki við upphafsathugun á aðfararbeiðninni, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna, né við framkvæmd gerðarinnar, sbr. 1. mgr. 24. gr. sömu laga. Stefndi bendir á í þessu samhengi að í málum af þessum toga kunni ákveðin sérsjónarmið að eiga við um sakarmat hins opinbera. Í öllu falli telur stefndi að umræddum mistökum verði ekki jafnað til ólögmatrar meingerðar í garð stefnanda, sbr. b-lið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 50/1993.

Ef talið yrði að sýslumaður hefði sýnt af sér gáleysi við framkvæmd gerðarinnar telur stefndi ósannað að það gáleysi hafi orðið stefnanda til tjóns þannig að bótaskyldu varði. Þannig telur stefndi m.a. að skilyrðið um sennilega afleiðingu sé ekki uppfyllt með hliðsjón af því að ætlað gáleysi sýslumanns sé svo hverfandi í samanburði við það saknæma atferli umboðsmanns sem stefnandi telur að hafi leitt til útgáfu þess skjals sem lá til grundvallar aðfararbeiðninni. Í því ljósi sé óeðlilegt að fella bótaábyrgð á íslenska ríkið óskipt með meðstefnda B, sem stefnandi heldur fram að sé grandsamt um tilurð bréfsins vegna tengsla við umboðsmann. Þá veki nokkra furðu hvers vegna stefnandi hafi ekki aðhafst fyrr til að losna undan umræddri skuldbindingu, s.s. með höfðun máls gagnvart umboðsmanninum og B Í því ljósi fær stefndi ekki séð að stefnandi hafi beðið miskatjón vegna ætlaðs gáleysis sýslumanns.

Stefnandi haldi því fram að hann hafi ekki verið viðstaddur aðfarargerðina sem lauk með árangurslausu fjárnámi þar sem honum hafi ekki borist boðun um hana. Stefndi bendir á að boðun aðfarargerðarinnar hafi verið lögum samkvæmt og farið fram með stefnuvotti á lögheimili stefnanda fyrir þeim sem hittist þar fyrir, sbr. 21. gr. laga nr. 90/1989. Stefndi bendir einnig á að hafi stefnandi af framangreindum ástæðum ekki átt þess kost að vera viðstaddur gerðina hafi honum verið ýmsar leiðir færar til endurskoðunar. Fyrir liggir að stefnandi óskaði eftir endurupptöku gerðarinnar en þeirri kröfu hafnaði sýslumaður þar sem stefnandi benti ekki á eignir til tryggingar kröfunni. Stefndi hefði einnig getað krafist úrlausnar héraðsdómara um þá synjun, sbr. 4. mgr. 85. gr. laganna, og einnig úrlausnar héraðsdómara um aðfarargerðina, sbr. 92. gr. þeirra Með því móti telur stefndi að stefnandi hefði á fyrri stigum getað takmarkað verulega ætlað tjón sitt.

Að öllu framangreindu virtu telur stefndi að sýkna eigi hann af öllum kröfum stefnanda. Verði ekki fallist á sýknukröfu er þess krafist að dómkröfur verði lækkaðar verulega.

Til stuðnings kröfum stefnda um málskostnað vísast í öllum tilvikum til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Samkvæmt greinargerð byggir stefndi, B, aðalkröfu sína um sýknu aðallega á meginreglum kröfuréttarins, skuldabréfareglum samningaréttarins sem og reglum er varða umboð. Þá kveðst hann vísa til laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggerninga, þ.m.t. er varðar vottun og gildi umboða. Stefndi byggir á því að hann hafi verið í góðri trú vegna umrædds veðskuldabréfs. Ekki hafi verið krafist ógildingar á umboðinu eða ógildi þess haldið fram heldur hafi umboðið verið afturkallað löngu eftir að löggerningarnir sem um ræðir hafi verið að baki. Stefndi hafnar öllum málsástæðum stefnanda.

Sýknukröfu sína reisir stefndi á því að hann hafi verið í góðri trú um hið téða skuldabréf, ásamt umboðinu, enda um eðlilega löggerninga að ræða sem séu að baki. Byggir stefndi á því að hin meinta saknæma háttsemi hans sé með öllu ósönnuð og ekkert nema dylgjur af hálfu stefnanda. Stefndi bendir á að dylgjurnar sem séu á hann bornar séu í raun samsömun við D, en engin lagaleg tengsl séu á milli stefnda og D. Jafnframt reisir stefndi kröfur sínar um sýknu á því að tjón stefnanda sé ósannað og hafni hann þar með bótaskyldu af þeirri ástæðu.

Sýknukröfu sína reisir stefndi einnig á því að stefnandi hafi ekki vefengt eða andmælt greiðsluskyldu sinni á skuldabréfinu þrátt fyrir að hann hafi haft til þess ótal tækifæri í þeim fjölmörgu málaferlum sem hann hafi stofnað til.

Þá reisir stefndi sýknukröfu sína á því að í úrskurðum dómstóla hafi þegar verið úrskurðað um málskostnað. Málskostnaður sé í eðli sínu bætur fyrir málsaðila og ekki standi lagaskilyrði til að bera upp sömu dómkröfu á ný. Þá hafi stefndi þegar borið mikinn kostnað af málaferlunum eins og sjáist á umfangi málsins.

Varakrafa um lækkun á kröfum stefnanda er byggð á sömu sjónarmiðum og aðalkröfur stefnda.

Loks byggir stefndi kröfu sína um málskostnað á 129. gr. og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Hvað kröfu um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun varðar vísar stefndi til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

V

Niðurstaða

Hér framar hefur atvikum, málsmeðferð fyrir sýslumanni og úrlausnum dómstóla, þar sem fjallað hefur verið um afmarkaða þætti ágreinings aðila, verið ítarlega lýst. Í málinu gerir stefnandi kröfu á hendur báðum stefndu vegna fjártjóns sem nemur 5.136.800 krónum og miska sem nemur 8.000.000 króna vegna atvika sem þeir beri bótaábyrgð á. Þannig hafi sýslumaður gert mistök við þinglýsingu veðskuldabréfs á fasteign stefnanda, við meðferð á nauðungarsölubeiðni hins stefnda félags á fasteign stefnanda og við meðferð á fjárnámsbeiðni félagsins á hendur stefnanda, sem leitt hafi til gjaldprotameðferðar á búi hans. Stefndi, B, hafi tekið við handhöfn

veðskuldabréfsins og knúið fram efndir gagnvart stefnanda þrátt fyrir það að félagið hefði, vegna tengsla sinna við umboðsmanninn, mátt vita um umboðsleysi hans og þá vankanta sem voru á veðskuldabréfinu.

Stefnandi telur engan vafa leika á ábyrgð stefndu í málinu. Landsréttur hafi með bindandi hætti kveðið upp úr með það í úrskurði sínum 6. júní 2018 í máli nr. 382/2018 að færsla veðskuldabréfsins, sem gefið hafi verið út til handhafa í nafni stefnanda á grundvelli umboðs og með veði í íbúð hans, í þinglýsingabók hafi verið röng þar sem skort hefði samþykki maka þinglýsts eiganda fyrir veðsetningu eignarinnar samkvæmt ákvæðum hjúskaparlaga. Með úrskurðinum hafi verið lagt fyrir sýslumann að skrá athugasemd þar að lútandi í fasteignabók. Þrátt fyrir það hafi sýslumaður ekki brugðist við niðurstöðu Landsréttar fyrr en 22. júní 2018 og einnig auglýst framhaldsuppboð á eign stefnanda 25. júní 2018. Stefndi, B, hafi ekki afturkallað beiðni sína um nauðungarsölu á eigninni fyrr en þann sama dag. Þá hafi Landsréttur einnig með bindandi hætti í úrskurði sínum frá 22. mars 2019 í máli nr. 146/2019 kveðið upp úr með að umrætt veðskuldabréf hefði ekki verið gild aðfararheimild, sbr. 7. tölulið 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, þar sem vottun undirskriftar hans á umboð útgefanda hefði verið ófullnægjandi og sýslumann því brostið heimild til að ljúka aðfarargerðinni án árangurs. Skilyrði 1. töluliðar 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti hafi því ekki verið fullnægt og kröfu stefnda B um að bú stefnanda yrði tekið til gjaldþrotaskipta hafi því verið hafnað. Þrátt fyrir það hafi stefndi, B, sent fasteignadómsból í Bretlandi tilkynningu 26. mars 2019 um gjaldþrot stefnanda.

Hvað varðar stefnda, íslenska ríkið, byggir stefnandi á því að það beri ábyrgð á þinglýsingarmistökum sýslumanns á grundvelli 49. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978. Þá byggir stefnandi á því að íslenska ríkið beri bótaábyrgð gagnvart honum á grundvelli 87. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu og 97. gr. laga nr. 90/1989 um aðför. Verði ekki á það fallist beri íslenska ríkið ábyrgð á grundvelli almennra skaðabótareglna. Hvað varðar stefnda B byggir stefnandi á því að hann beri, sem gerðarbeiðandi, bótaábyrgð án sakar samkvæmt 1. mgr. 86. gr. laga nr. 90/1991 og 1. og 2. mgr. 96. gr. laga nr. 90/1989. Verði ekki á það fallist beri félagið ábyrgð á grundvelli almennra skaðabótareglna.

Samkvæmt 49. gr. laga nr. 39/1978 ber ríkissjóður bótaábyrgð þegar tjón verður rakið til þeirra atvika sem í greininni eru nefnd og fram koma í stafliðum a–e. Er annars vegar um það að ræða að bótaskylda geti skapast vegna tjóns sem er að rekja til mistaka þinglýsingarstjóra í þeim tilvikum sem greinir í stafliðum a–c og hins vegar vegna atvika er greinir í liðum c og d án þess að mistökum þinglýsingarstjóra sé um að kenna. Stefnandi hefur ekki vísað til sérstaks töluliðar ákvæðisins í málalíbúnaði sínum enda sé það óþarft og unnt að vísa til þess í heild í málum er

varða þinglýsingamistöð. Dómurinn tekur fram að ákvæði 49. gr. hefur að geyma sérreglu um bótaábyrgð ríkissjóðs sem hefur verið skýrð svo að hún geri ekki ráð fyrir því að til þurfi að koma saknæm háttsemi þeirra sem sinna þinglýsingum til þess að til bótaábyrgðar ríkisins geti stofnast. Þá hefur einnig verið litið svo á að þau tilvik sem undir regluna geta fallið séu tæmandi talin í staflíðum a–e. Ljóst er að atvik þessa máls falla ekki undir neitt þeirra tilvika sem þar eru talin og getur bótaábyrgð stefnda íslenska ríkisins því ekki grundvallast á þessu ákvæði. Verður að hafna sjónarmiðum stefnanda þar að lútandi. Kemur efni ákvæðisins samkvæmt framansögðu ekki til frekari skoðunar af hálfu dómsins. Þá áréttar dómurinn að ekki hefur verið talið heimilt að dæma bætur fyrir ófjárhagslegt tjón á grundvelli þessa ákvæðis.

Stefnandi hefur í máli þessu einnig byggt ábyrgð stefndu á ákvæðum laga nr. 90/1991 þar sem veðskuldabréfið hafi ekki verið gild nauðungarsöluheimild. Í XV. kafla laga nr. 90/1991 er að finna ákvæði um bótaábyrgð vegna nauðungarsölu. Í 1. mgr. 86. gr. er fjallað um bótaábyrgð gerðarbeiðanda sem krafist hefur nauðungarsölu sem síðar hefur verið leitt í ljós að skilyrði hafi skort til og hefur stefnandi í málinu byggt á þessu ákvæði gagnvart stefnda B og gagnvart stefnda íslenska ríkinu með vísan til 87. gr. laganna. Samkvæmt 1. mgr. 86. gr. er bótaábyrgð gerðarbeiðanda hlutlæg. Í 88. gr. kemur fram að mál til heimtu bóta samkvæmt 86. gr., sbr. 1. mgr. 87. gr., beri að höfða fyrir héraðsdómi áður en sex mánuðir eru liðnir frá því að sá sem hefur orðið fyrir tjóni átti þess fyrst kost að hafa uppi kröfu sína. Dómurinn telur að líta verði svo á að þetta tímamark miðist við 6. júní 2018, er niðurstaða Landsréttar í máli nr. 382/2018 lá fyrir. Var mál þetta því höfðað að liðnum fyrirnefndum málshöfðunarfresti ákvæðisins. Getur stefnandi því ekki byggt máltilbúnað sinn á hendur stefndu á þessum ákvæðum laga nr. 90/1991.

Á hinn bóginn hefur stefnandi í máli þessu enn fremur byggt ábyrgð stefndu á ákvæðum laga nr. 90/1989 þar sem farið hafi verið fram á gjaldþrotaskipti á búi hans á grundvelli árangurslauss fjárnáms sem síðar hafi komið í ljós að byggðist á ófullnægjandi aðfararheimild, þ.e. hinu umdeilda veðskuldabréfi. Í 16. kafla laganna er að finna ákvæði um bótaábyrgð vegna aðfarargerða. Í 1. mgr. 96. gr. laganna er kveðið á um að hafi gerðarbeiðandi krafist fullnustu kröfu eða réttinda með aðfarargerð, sem síðar er leitt í ljós að skilyrði skorti til, beri honum að bæta allt tjón, sem aðrir hafa orðið fyrir af þeim sökum. Samkvæmt athugasemdum við ákvæðið í frumvarpi því er varð að lögum nr. 90/1989 felur reglan í sér að gerðarbeiðandi ábyrgist að almennum skilyrðum I. Þáttar laganna sé fullnægt fyrir aðför, t.d. að aðfararheimild sé fyrir hendi. Í málinu hefur stefnandi byggt á þessu ákvæði gagnvart stefnda B og gagnvart stefnda íslenska ríkinu með vísan til 1. mgr. 97. gr. laganna. Í 98. gr. kemur fram að mál til heimtu bóta samkvæmt 96. gr., sbr. 1. mgr. 97. gr., beri að höfða fyrir héraðsdómi áður en sex mánuðir eru liðnir frá því að sá sem fyrir tjóni

hefur orðið átti þess fyrst kost að hafa uppi kröfu sína. Þótt atvik máls þessa séu mjög sambætt telur dómurinn að líta verði svo að hvað þennan þátt málsins varðar miðist þetta tímamark við 22. mars 2019 er niðurstaða Landsréttar lá fyrir í máli nr. 146/2019. Mál þetta var því höfðað innan þess frests er ákvæðið áskilur og ber dómnum því að taka umrædd ákvæði til frekari skoðunar.

Í áðurnefndum lögskýringargögnum með ákvæðum aðfararlaga er tekið fram að það sé ekki sett sem skilyrði fyrir bótaskyldu samkvæmt 1. mgr. 96. gr. að aðfararbeiðni eða aðfarargerð hafi verið hrundið með tilteknum hætti, t.d. í máli samkvæmt 13., 14. eða 15. kafla laga nr. 90/1989, heldur nægi að síðar sé leitt í ljóst að skilyrði hafi skort fyrir kröfu gerðarbeiðanda, eins og kveðið hefur verið upp úr með í úrskurði Landsréttar frá 22. mars 2019 í máli nr. 2019. Bótaábyrgð samkvæmt þessu ákvæði er ekki háð sök gerðarbeiðanda og felur ákvæðið því í sér hlutlæga bótareglu. Samkvæmt þessu er því ljóst að stefndi, B, sem gerðarbeiðandi í skilningi fyrrnefndra ákvæða ber bótaábyrgð gagnvart stefnanda á þessum grundvelli. Á hinn bóginn gerir 1. mgr. 97. gr. ráð fyrir að aðild ríkisins að málinu sé háð því að sýslumaður eða fulltrúi hans hafi sýnt af sér gáleysi við framkvæmd þeirrar athafnar sem leitt hafi til tjóns. Sýslumaður eða fulltrúi hans verður samkvæmt reglu þessari að hafa gert mistök við framkvæmd gerðarinnar, sem verða metin honum til sakar. Dómurinn áréttar að þegar hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að 49. gr. laga nr. 39/1978, og þau sérsjónarmið sem það ákvæði gerir ráð fyrir varðandi sök, kemur stefnanda ekki að haldi í málinu.

Í málinu liggur fyrir að aðfarargerðin byggðist á veðskuldabréfi þar sem stefnandi var tilgreindur skuldari og var bréfið gefið út til handhafa. Bréfið bar það með sér að umboðsmaðurinn D hafði skrifað undir það eftir umboði stefnanda. Undirskrift D var vottuð af tveimur vitundarvottum í samræmi við 7. tölulið 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 en undirskrift stefnanda á umboðið, sem fylgdi aðfararbeiðninni og sýslumaður hafði því undir höndum, var aðeins vottuð af einum vitundarvotti. Taldi Landsréttur veðskuldabréfið því ekki hafa verið gilda aðfararheimild og sýslumann hefði því brostið heimild til að ljúka aðfarargerðinni án árangurs. Þrátt fyrir að hið árangurslausla fjárnám hafi því farið fram á gildi veðskuldabréfs sem ekki var gilt heimildarskjal samkvæmt formreglum 1. gr. áðurnefndra laga felur það ekki sjálfkrafa í sér að þessi framkvæmd verði talin sýslumanni til sakar sem leiði til bótaábyrgðar ríkissjóðs. Þá kann að vera að vafi um túlkun á lagaákvæðum sé slíkur að það verði ekki talið viðkomandi stjórnvaldi til sakar þótt þeirri túlkun sé síðar hnekkkt fyrir dómstólum. Þrátt fyrir að þetta tvennt sé haft í huga verður að líta svo á að framkvæmd sýslumanns að þessu leyti hafa falið í sér gáleysi sem leitt hafi til tjóns stefnanda. Verður ekki talið að slíkur vafi hafi verið uppi um túlkun ákvæðisins að það leysi stefnda undan ábyrgð í þessu tilviki. Hafa ber í huga að hér var ekki um að

ræða matskennda ákvörðun heldur ákvörðun er laut að formskilyrðum laga. Dómurinn telur því að skilyrði 1. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1989 séu uppfyllt til þess að kröfu verði einnig beint að stefnda íslenska ríkinu hvað þetta varðar. Er þá ekki tekin sérstök afstaða til efnislegs gildis umrædds umboðs og þess hvort umboðsmaður hafi með umboðsmennsku sinni farið út fyrir mörk umboðsins. Þá tekur dómurinn fram að ekkert var við birtingu fjárnámsbeiðninnar að athuga, eins og stefnandi hefur haldið fram. Er það því niðurstaða dómsins að báðir stefndu beri hvað þennan þátt málsins varðar ábyrgð gagnvart stefnda á grundvelli áðurnefndra ákvæða laga nr. 90/1989.

Litið hefur verið svo á að bótaábyrgð gerðarbeiðanda samkvæmt 1. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1989 taki til alls tjóns er aðrir kunna að bíða vegna aðgerða hans, hvort sem tjón hefur orðið af því einu að hann hefur krafist aðfarar eða vegna þess að gerðin sjálf hefur verið tekin fyrir eða náð fram að ganga. Sérstaklega er tekið fram í 3. mgr. 96. gr. að sá sem hafi sætt frelsisskerðingu, húsleit verið gerð hjá honum eða leit verið gerð á honum, sbr. 29.–31. gr., eigi rétt til miskabóta úr hendi gerðarbeiðanda, en hafi hann orðið fyrir fjártjóni verði bótaréttur að styðjast við 1. eða 2. mgr. greinarinnar. Af þessu verður dregin sú ályktun að stefnandi í máli þessu geti ekki byggt kröfu um miskabætur á ákvæðinu og verður sjónarmiðum hans hvað það varðar því hafnað.

Dómurinn hefur hér að framan komist að þeirri niðurstöðu að stefnandi geti ekki byggt rétt sinn gagnvart stefnda, íslenska ríkinu, á sérreglu 49. gr. laga nr. 39/1978. Á hinn bóginn verður að líta svo á að í ólögfestum tilvikum geti komið til álita að ríkið beri skaðabótaábyrgð þegar tjón verður vegna þinglýsingamistaka. Þótt óljóst sé af málalíbúnaði stefnanda að hann telji að sýslumaður hafi brotið í bága við 22. gr. laga nr. 39/1978 verður að telja að sú framkvæmd sem lýst er að framan hafi ekki verið í samræmi við það ákvæði og á grundvelli þeirra sömu sjónarmiða og þar koma fram. Á hinn bóginn verður að huga að því hvaða áhrif það eigi að hafa á ábyrgð stefnda á grundvelli sakar.

Í málinu liggur fyrir að Landsréttur hefur kveðið upp úr með það í fyrri úrskurði sínum að umrætt veðskuldabréf hafi ekki uppfyllt skilyrði laga nr. 90/1991 til að teljast gild nauðungarsöluheimild þar sem samþykki maka hafi skort fyrir veðsetningunni. Bréfinu hafi því átt að vísa frá þinglýsingu. Þá hefur Landsréttur einnig kveðið upp úr með það í síðari úrskurði sínum að veðskuldabréfið uppfyllti heldur ekki skilyrði laga til þess að teljast gild aðfararheimild. Þegar metið er á hinn bóginn hvaða áhrif þetta hafi á mat á saknæmi í máli þessu lítur dómurinn til þess að ákveðinn vafi virðist hafa verið fyrir hendi varðandi lögheimilisskráningu maka stefnanda á því tímamarki er veðskuldabréfinu var þinglýst. Verður því ekki séð að starfsmenn sýslumannsembættisins hafi á grundvelli sakar valdið stefnanda tjóni af ásetningi eða gáleysi. Er skilyrði um saknæmi hvað þennan þátt málsins varðar því ekki uppfyllt.

Dómurinn tekur þó fram að við úrlausn þessa máls verði að horfa heildstætt á atvik þess. Verður þá ekki fram hjá því litið að við meðferð mála hjá sýslumanni hafa ítrekað verið teknar ákvarðanir sem höfðu afleiðingar fyrir stefnanda. Óháð því hver verður talin frumorsök tjóns stefnanda tekur dómurinn fram að hugsanleg saknæm háttsemi þriðja manns hefur ekki áhrif á rétt tjónþola til skaðabóta og slíkt leiðir ekki sjálfkrafa til þess að ábyrgð stefnda, íslenska ríkisins, falli niður eða sæti takmörkunum, eins og atvikum er háttað í máli þessu. Verður því að líta svo á að hefðu ákvarðanir sýslumanns verið á annan veg en raun ber vitni hefði mátt koma í veg fyrir eða sveigja af leið þá atburðarás sem var hafin eða fór í gang í kjölfarið. Þar sem það var ekki gert urðu athafnir sýslumanns, ásamt athöfnum stefnda B, hluti af langri orsakakeðju sem leiddi til tjóns stefnanda.

Í málinu hefur stefnandi byggt kröfu sína um fjártjón á því að hann hafi þurft að leggja út í mikinn lögmanskostnað til að halda fram rétti sínum. Hefur hann í málinu lagt fram reikninga frá lögmönnum sem sinnt hafa hagsmunagæslu fyrir hann og taka þeir, að því er virðist, til tímabilsins frá 11. júní 2017 til 27. mars 2019 og byggjast á tímaskráningum að baki þeim. Gögn þessi eru því marki brennd að ekki er með góðu móti unnt að greina hvaða vinnu er um að ræða og þá vegna hvaða álitafna sem uppi voru hverju sinni þar sem þau eru ekki nægilega skilgreind eða sundurliðuð. Þrátt fyrir það verður að telja ljóst að stefnandi hefur þurft að leggja út í kostnað til að gæta hagsmuna sinna á ýmsum stigum. Með dómum Landsréttar í málum nr. 382/2018 og 146/2019, sem eins og áður hefur komið fram lutu að afmörkuðum þáttum þessa máls, hefur á hinn bóginn verið kveðið á um það hvað teljist hæfilegur málskostnaður vegna þeirra ágreiningsmála sem þar var fjallað um, en stefndi B var til varnar í báðum þessum málum. Verður því ekki betur séð en að stór hluti kröfu stefnanda hér fyrir dóminum taki til kostnaðar sem stefnandi hafði af rekstri framangreindra dómsmála. Verður ekki talið að stefnandi geti í máli þessu krafist frekari greiðslna úr hans hendi vegna þessa málareksturs án þess að það sé nánar rökstutt um hvaða kostnað er að ræða. Þá bendir dómurinn á að almennt verði aðilar að bera sjálfir þann kostnað sem hlýst af því að reka mál fyrir stjórnvöldum nema sérstök heimild standi til annars. Hefur stefndi ekki sýnt fram á að hann hafi haft af málunum annan kostnað sem talinn yrði til fjártjóns hans vegna athafna stefndu. Er því ekki annað unnt en að hafna þeim þætti aðalkröfu stefnanda er lýtur að fjártjóni hans.

Pegar tekin er afstaða til miskabótakröfu stefnanda áréttar dómurinn að hún verður ekki studd við ákvæði laga um þinglýsingar, nauðungarsölu eða aðför. Getur einungis komið til álita hvort stefnandi getur byggt kröfu sína um bætur úr hendi stefndu að þessu leyti á b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 en samkvæmt ákvæðinu er heimilt að láta þann sem ábyrgð ber á ólögmati meingerð gegn frelsi,

fríði, æru og persónu annars manns greiða miskabætur til þess sem misgert var við. Kemur fram í athugasemdum með frumvarpi til laganna að í skilyrðinu um ólögmeita meingerð felist að um saknæma hegðun sé að ræða og þurfi gáleysi að vera verulegt til þess að tjónsatvik verði talin ólögmeit. Hefur í dómaframkvæmd verið við það miðað að lægsta stig gáleysis fullnægi ekki kröfum ákvæðisins.

Í málinu liggur fyrir að hið stefnda félag tók við umræddu veðskuldabréfi í september/október 2017 úr hendi D og, að því er virðist, vegna viðskipta þeirra í milli. Er þetta nokkru eftir þinglýsingu bréfsins 2. ágúst 2016. Ekkert liggur fyrir í málinu um að B hafi látið þinglýsa bréfinu á eign stefnanda og virðist ekki heldur á því byggt af hálfu stefnanda, en hann hefur haldið því fram að félaginu hafi verið kunnugt um hvernig í pottinn var búið. Telja verður að ráðstafanir hins stefnda félags eftir að það tók við handhöfn bréfsins og fólust í aðgerðum varðandi nauðungarsöluferli hafi ekki verið þess eðlis að þær hafi falið í sér háttsemi sem leitt geti til þess að stefnandi hafi orðið fyrir miska sem stefndi beri ábyrgð á. Hið sama verður sagt um ráðstafanir er lutu að fjárnámsbeiðni og síðar gjaldþrotameðferð á búi stefnanda, en dómurinn áréttar að ábyrgð stefnda B vegna þessa á fjártjóni stefnanda er hlutlæg á grundvelli 1. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1989, eins og fyrr var rakið, en miskabótakrafa verður ekki reist á ákvæðinu. Tekur dómurinn fram að ekkert er fram komið með óyggjandi hætti um að slík tengsl hafi verið með umboðsmanninum og stefnda eða fyrirsvarsmönnum hans að leitt geti til þess að dregin verði sú ályktun að stefndi hafi haft vitneskju um annmarka á umboði umboðsmannsins eða annmarka á veðskuldabréfinu sjálfu. Á hinn bóginn er unnt að fallast á það með stefnanda að aðgerðir hins stefnda félags eftir að fyrri úrskurður Landsréttar gekk 6. júní 2018 og fólust í aðgerðaleyfi félagsins á því að afturkalla beiðni um nauðungarsölu, en það var ekki gert fyrr en 25. sama mánaðar, hafi verið til þess fallnar að valda stefnanda miska. Kemur þá einnig til aðgerðaleyfi sýslumanns af sama tilefni, en auglýsing um framhaldsuppboð á fasteign stefnanda og heimili var birt í dagblöðum 21. júní 2018 og veðskuldabréfið ekki afmáð af eigninni fyrr en 22. sama mánaðar þrátt fyrir að úrskurður Landsréttar hefði verið kveðinn upp um þremur vikum fyrr. Þá verður einnig að horfa til aðgerða stefnda, B, eftir að síðari úrskurður Landsréttar gekk 22. mars 2019 og fólust í tilkynningu til yfirvalda í Bretlandi vegna málaferla sem þar stóðu yfir um að stefnandi hefði verið lýstur gjaldþrota. Getur fyrirsvarsmáður stefnda ekki skýlt sér á bak við það að hann hafi ekki haft vitneskju um dóm Landsréttar í málinu sem gengið hafði nokkrum dögum áður en félagið átti þó sjálft aðild að. Verður að telja að gáleysi stefndu að þessu leyti hafi verið verulegt og til þess fallið að valda stefnanda miska sem þeir beri sameiginlega ábyrgð á gagnvart honum. Er þó ekki unnt að fallast á þá fjárhæð miskabóta sem stefnandi setur fram í aðalkröfu sinni.

Í samræmi við allt framangreint er ekki unnt að fallast á kröfu stefnanda hvað varðar fjártjón, hvorki í aðal- né varakröfu, en þess í stað verður fallist á varakröfu hans um miskabætur að álitum og stefndu dæmdir til að greiða honum sameiginlega 500.000 krónur sem beri dráttarvexti frá þingfestingardegi máls þessa, 23. maí 2019, eins og nánar greinir í dómsorði.

Með vísan til niðurstöðu málsins og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 ber stefndu að greiða stefnanda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 750.000 krónur og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Hólmfríður Grímsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Dómarinn tók við meðferð málsins 4. febrúar sl. Fyrir uppkvaðningu dómsins var gætt ákvæða 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála en hvorki dómari né lögmenn töldu þörf á endurflutningi málsins.

D Ó M S O R Ð:

Stefndu, íslenska ríkið og B greiði stefnanda, A, sameiginlega, 500.000 krónur með dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 23. maí 2019 til greiðsludags.

Stefndu greiði stefnanda sameiginlega 750.000 krónur í málskostnað.

Hólmfríður Grímsdóttir